

Brim hf – vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir breytta fráveitu fyrir húsnæði Brims á Hafnarbraut 3-9 og Breiðargötu 8 á Akranesi. – 28. janúar 2021

Ákvæði úr reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 ásamt síðari breytingum, mun bætast inn í núverandi leyfi .

Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 .. : “

VII. KAFLI

Iðnaðarstarfsemi.Skólp frá iðnaðarstarfsemi sem losar lífrænan úrgang í eigin fráveitu.

25. gr.

25.1 Iðnaðarstarfsemi samkvæmt III. viðauka sem losar skólp sem ekki er leitt í fráveitu fyrir þéttbýli og inniheldur lífræn efni sem brotna auðveldlega niður í umhverfinu er háð ákvæðum um hreinsibúnað í starfsleyfi. Hreinsibúnaður skal vera í samræmi við leiðbeiningar Hollustuverndar ríkisins.

25.2 Heilbrigðisnefnd skal fyrir 31. desember árið 2000 tilkynna Hollustuvernd ríkisins um fyrirtæki, sbr. III. viðauka, sem losa meira en 4.000 pe. af skólpi sem ekki er veitt í fráveitu fyrir þéttbýli og inniheldur efni sem eyðast auðveldlega í umhverfinu. Jafnframt skal senda stofnuninni upplýsingar um kröfur þær sem gerðar eru í starfsleyfum.

25.3 Öðrum atvinnurekstri en greinir í 1. mgr. ber að fara eftir sérstökum reglugerðum sem gilda um losun tiltekinna efna í vatn. . “

Heilbrigðisnefnd mun einnig óska eftir því við fyrirtækið að það láti framkvæma rannsókn á viðtaka fráveitunnar þegar kerfið er í hámarks álagi. Ástæða fyrir slíkri rannsókn er að meta þörf á hreinsibúnaði fyrir fráveituna.